

Heiti verkefnisins	Upptakturinn – Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna á Norðurlandi eystra
Númer verkefnis	2021-10
Markmið	Stuðla að tónsköpun ungs fólk og hvetja ungmenni til að semja eigin tónlist. Aðstoða ungmenni við að fullvinna tónsköpun sína Gefa ungmennum tækifæri til að upplifa eigin tónlist flutta af fagfólki í Hofi. Að ungmenni eignist hágæða upptöku af eigin tónsmíðum í flutningi fagfólks.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Ungmenni senda inn hugmyndir, tónðæmi eða nótur af frumsamdri tónlist eftir sjálfan sig. Verkefnastjórn tekur við umsóknunum og skilar áfram til dómnefndar sem í sitja fagaðilar í tónlist á Norðurlandi. Valin verða 10-12 tónverk til áframhaldandi þátttöku og verður höfundum verkanna boðið til tónsköpunarsmiðju með atvinnutónlistarfólki frá Akureyri. Afrakstur tónsköpunarsmiðjunnar verður svo fluttur á tónleikum í Hofi. Einnig verða tónverkin tekin upp í hljóðveri og upptökurnar sendar tónskáldunum til eignar. Tónlistin verður tekin upp og sett á YouTube svo tónskáldin- ungmennin geti deilt þeim til vana og vandamanna. Fagfólk kemur að öllum undirbúningi, verkefnastjórn, upptökustjórn og tónlistarflutningnum.
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Mennta- og menningarmál - MMR
Framkvæmdaaðili	Menningarfélag Akureyrar
Samstarfsaðilar	Upptakturinn í Hörpu í Reykjavík
Tengsl við sóknaráætlun	Verkefnið tengist framtíðarsýn og leiðarljósi Norðurlands eystra sem kemur fram í menningarhluta Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024 1) Að jákvætt viðhorf íbúa til menningar aukist 2) Tengja betur saman eldri og yngri kynslóðir. Yngri kynslóðin semur tónverk og eldri kynslóðin hjálpar til við lokaafurð og flutning. Yngri kynslóðin/þátttakendur fá m.a. innsýn í heim tónlistarfólks og tónskálda. 3) Hvetja til listsköpunar - hér er verið að skapa vettvang fyrir börn í .5-10 bekk grunnskóla á Norðurlandi eystra til að semja tónlist. Verkefnið ýtir því undir skapandi hugsun og eflir um leið sjálfsmynd ungs fólks sem hefur áhuga á tónlist til að fylgja draumum sínum. 4) Hvetja til þess að menningarstarfsemi taki mið af fjölbreytileika. Hér er verið að huga um n.k. uppskeruhátíð fyrir börn sem hafa áhuga á tónlist. 5) Auka námsframboð í listsköpun og aðgengi - Hér er verið að bjóða uppá spennandi möguleika fyrir tónlistapenkjandi börn bæði þau sem eru í tónlistarskóla en einnig þau sem ekki sækja slíkt nám. 6) Efla menningarframboð í jaðarbyggðum - verkefnið gefur börnum á Norðurlandi eystra tækifæri til að taka þátt óháð búsetu og efnahag. 7) Fjölga viðburðum og sýningum frá öðrum landshlutum, s.s. tónleikum, leiksýningum, listahátíðum og menningarviðburðum. Verkefnið er innleiðing á menningarviðburði sem hefur farið fram í

	Reykjavík /höfuðborgarsvæðinu í mörg ár og er uppskeruhátíð á Barnamenningarhátíð þar.
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<p>Þetta verkefni hefur tengsl við heimsmarkmið 4.4. Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.</p> <p>og 4.7. Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar. Og 17.17 Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrími.</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Fjöldi barna sem tekur þátt.</p> <p>Fjöldi frumsaminnna tónverka.</p> <p>Menning og listir fá aukið vægi í uppeldi og kennslu barna.</p> <p>Verkefnið leiði til eflingar og sýnileika menningarlífs á svæðinu</p>
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Glæný tónverk ungs fólks sem flutt verða af fagmenntuðu tónlistarfólki á tónleikum, upptaka til eignar og upptaka sett á YouTube síðu Upptaktsins á Akureyri.
Upphaf og lok verkefnis	Janúar 2021 - júní 2021 Verkefnið er árlega en ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi áhersluverkefni.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	2.500.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)	1.500.000 kr.
Mótframlag (ef við á)	1.000.000 kr.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Þetta verkefni styður við <i>Menningarstefnu stjórnvalda</i> þar sem lögð er áhersla á að framboð á menningu fyrir börn og ungmenni verði eflað og stuðlað að þátttöku þeirra. Verkefnið styður einnig við <i>Stefnumótandi byggðaaáætlun ríkisins</i> en þar er lögð áhersla á að börn og ungmenni fái aðgang að menningu og listum óháð búsetu og efnahag, svo sem með auknu framboði á vönduðum og fjölbreyttum listviðburðum.